

Afreksstefna

1. Inngangur

Með mótun afreksstefnu er leitast við að setja Fimleikasambandi Íslands (FSÍ) skýr markmið í afreksmálum. Marmið stefnunnar er að bæta árangur í fimleikum og samhliða stuðla að aukinni útbreiðslu. Þar er styrkari stoðum rennt undir aukinn árangur á forsendum mælanlegra markmiða og kröfu um gagnsæi í vinnubrögðum. Markmið FSÍ er að eiga afreksmenn í áhald- og hópfimleikum sem skipi sér á stall með þeim bestu, með því að efla hæfni og færni afreksfólks í fimleikum.

Einnig þarf að tryggja möguleika afreksfólks og afreksefna til að ná settu marki, stuðla að minni þátttökukostnaði, sem og auka þekkingu þjálfara. Með stefnunni skal hlúa sérstaklega að afreksfólki og afreksefnum sem best verður gert með markmiðasetningu, mælikvörðum og aðgerðum. Setja skal tímasett markmið og kynna þau fyrir hreyfingunni.

Afreksstefna FSÍ sem og allar upplýsingar sem tengjast afreksstarfinu skulu vera aðgengilegar á vef sambandsins.

Stefnan gildir til ársins 2024 með áfangamarkmiðum árið 2020. Endurskoða skal stefnuna að vori 2020 og gefa hana út að nýju að hausti sama ár.

Afreksstefnan skal vera til umfjöllunar og samþykktar á Fimleikabingi.

1.1 Hugtök:

Ýmis hugtök eru notuð í afreksstefnu FSÍ, nánari lýsingu á þeim má finna hér.

Fimleikasamband Íslands:
FSÍ / sambandið

Stórmót:

Stórmót eru Ólympíudagar Evrópuæskunnar, EM, heimsbikarmót, HM, Ólympíuleikar ungmenna og Ólympíuleikar.

Alþjóðleg mót

Norðurlandamót, Norður-Evrópumót, FIG skráð mót eða önnur alþjóðleg boðsmót.

Afreksfólk:

Afreksfólk eru einstaklingar sem keppa í flokki fullorðinna fyrir Íslands hönd á stórmótum.

Afreksefni:

Afreksefni eru einstaklingar sem keppa fyrir Íslands hönd í flokki unglunga á stórmóti eða í flokki fullorðinna á alþjóðlegu móti.

Unglingaflokkur:

Í áhaldafimleikum kvenna er átt við U16 en þó aldrei yngri en 13 ára á árinu.

Í áhaldafimleikum karla er átt við U18 en þó aldrei yngri en 14 ára á árinu.

Í hópímleikum er átt við U18 en þó aldrei yngri en 13 ára á árinu.

Hæfileikamótun:

Í Hæfileikamótun komast þeir sem ekki komast í úrvalshóp vegna aldurs eða getu en uppfylla fyrirframgefin skilyrði skilgreind af landsliðsþjálfurum FSÍ. Félögin og félagsþjálfarar velja þá iðkendur sem taka þátt í Hæfileikamótun FSÍ og geta þeir verið mismunandi yfir árið. Lágmarksaldur kvenna er 12 ára og karla 13 ára.

2. Markmið

Leiðarljós afreksstefnu FSÍ er að bæta umhverfi afreksfólks. Markmið og viðfangsefni eru m.a.:

- Að halda úti virkri afreksstefnu.
- Að afreksstarf FSÍ sé gegnsætt og aðgengilegt á vef sambandsins.
- Að setja viðmið um afreksfólk, afreksefni og kröfur fyrir hæfileikamótun.
- Að þjálfun afreksfólks og afreksefna sé aðeins í höndum þjálfara hafa gullleyfi skv. leyfiskerfi FSÍ.
- Að halda námskeið árlega fyrir iðkendur í afrekshópi um reglur í greininni, markmiðssetningu, heilbrigðan lífstíl og andlega, félagslega og líkamlega þætti þjálfunar.
- Að aðstoða afreksfólk og afreksefni við að ná auknum árangri í fimleikum og við að komast á mót og æfingar erlendis.
- Að aðstoða afreksfólk og afreksefni eftir fremsta megni og samræma fimleikaiðkun að námi og starfi.
- Að vinna að því að lágmarka kostnaðarpáttöku afreksfólks og afreksefna í landsliðsverkefnum.

Afreksfólk:

Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 30% árið 2018
Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 20% árið 2020
Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 10% árið 2022
Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en engin árið 2024

Afreksefni:

Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 75% árið 2018
Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 70% árið 2020
Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 65% árið 2022
Að kostnaðarpátttaka verði ekki hærrí en 60% árið 2024

2.1 Markmið fyrir afreksfólk áhaldafimleika kvenna

Eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

Á stórmótum:

- Að eiga keppanda í úrslitum á stórmóti frá 2018-2024.
- Að vera meðal 10 efstu liða á EM árið 2018.
- Að keppa til úrslita á Heimsbikarmótum.
- Að senda lið á HM árið 2018.
- Að senda lið á HM árið 2019.

- Að vera meðal 8 efstu liða á EM árið 2020 og komast í úrslit.
- Að eiga keppanda á Ólympíuleikunum árið 2020.
- Að vera meðal 24 efstu liða á HM árið 2022.
- Að vera meðal 22 efstu liða á HM árið 2023.
- Að eiga lið á Ólympíuleikunum árið 2024.
- Að eiga keppanda á Ólympíuleikum ungmenna 2018 og 2022.

Á alþjóðlegum mótum:

- Að vinna til verðlauna í liðakeppni á NM.
- Að vinna til verðlauna í liðakppni á NEM
- Að vinna til verðlauna í einstaklingskeppni í fjölþraut og á einstökum áhöldum á NM.
- Að vinna til verðlauna í einstaklingskeppni í fjölþraut og á einstökum áhöldum á NEM.

Áfangamarkmið:

Lágmörk

- Afrekskona með A-lágmark 2020 = 52
- Afrekskona með B-lágmark 2020 = 48

Fjöldi

- Að eiga 10 keppendur sem náð hafa B-lágmarki í greininni árið 2020.
- Að eiga 4 keppendur sem náð hafa A-lágmarki í greininni árið 2020.

2.2 Markmið fyrir afreksefni í áhaldafimleikum kvenna

Eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

Áfangamarkmið:

Lágmörk

- Afreksefni með A-lágmark 2020 = 48
- Afreksefni með B-lágmark 2020 = 45

Fjöldi

- Að eiga 15 keppendur sem náð hafa B-lágmarki í greininni árið 2020.
- Að eiga 6 keppendur sem náð hafa A-lágmarki í greininni árið 2020.

2.3 Markmið fyrir afreksfólk áhaldafimleika karla

Eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

- Að eiga keppanda í úrslitum á stórmóti frá 2018-2024.
- Að eiga lið á EM árið 2018.
- Að vera meðal 24 efstu liða á EM árið 2020.
- Að keppa til úrslita á Heimsbikarmótum.
- Að eiga keppanda á Ólympíuleikunum árið 2020.
- Að senda lið á HM árið 2022.

- Að vera meðal 48 efstu liða á HM árið 2023.
- Að eiga keppanda á Ólympíuleikunum árið 2024.
- Að eiga keppanda á Ólympíuleikum ungmenna 2018 og 2022.

Önnur alþjóðleg mót:

- Að vinna til verðlauna í liðakeppni á NM.
- Að vinna til verðlauna í liðakeppni á NEM.
- Að vinna til verðlauna í einstaklingskeppni í fjölþraut og á einstökum áhöldum á NM.
- Að vinna til verðlauna í einstaklingskeppni í fjölþraut og á einstökum áhöldum á NEM.

Áfangamarkmið:

Lágmörk

- Afreksmaður með A-lágmark 2020 = 80
- Afreksmaður með B-lágmark 2020 = 76

Fjöldi

- Að eiga 5 keppendur sem náð hafa B-lágmarki í greininni árið 2020.
- Að eiga 2 keppendur sem náð hafa A-lágmarki í greininni árið 2020.

2.4 Markmið fyrir afreksefni í áhaldafimleikum karla

Eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

Áfangamarkmið:

Lágmörk

- Afrekskarl með A-lágmark 2020 = 76
- Afrekskarl með B-lágmark 2020 = 73

Fjöldi

- Að eiga 10 keppendur sem náð hafa B-lágmarki í greininni árið 2020.
- Að eiga 4 keppendur sem náð hafa A-lágmarki í greininni árið 2020.

2.5 Markmið fyrir afreksfólk hópfimleika

Stórmót:

- Að kvennalið sigri EM árin 2018 til 2024
- Að blandað lið komist á pall á EM árið 2018 og 2020
- Að blandað lið sigri EM árið 2022 og 2024
- Að tefla fram karlaliði á EM árið 2018
- Að karlalið komist í úrslit á EM árið 2020
- Að karlalið komist á pall á EM árið 2022 og 2024

Áfangamarkmið:

- Að úrvalshópar séu ávallt virkir.
- Að eiga 50 - 80 afreksmenn í greininni árið 2020.

2.6 Markmið fyrir afreksefni í hóp fimleikum

Eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

Áfangamarkmið:

- Að úrvalshópar séu ávallt virkir.
- Að eiga 50 - 80 afreksefni í greininni árið 2020.

3. Markmið sem snúa að fimleikafélögum og -deildum

3.1 Fjöldi félaga / deilda:

- Með virka afreksstefnu verði 8 árið 2020 og 12 árið 2024.
- Með virkt afreksstarf verði 8 árið 2020 og 12 árið 2024.
- Sem tekur þátt á Íslandsmóti í frjálsum æfingum í áhaldafimleikum kvenna verði 8 árið 2020 og 10 árið 2024.
- Sem tekur þátt á Íslandsmóti í frjálsum æfingum í áhaldafimleikum karla verði 5 árið 2020 og 7 árið 2024.
- Sem tekur þátt í Íslandsmóti í meistaraflokki í hóp fimleikum verði 5 árið 2020 og 7 árið 2024.

3.2 Fjöldi þjálfara:

- Í greinunum verði aðgengilegur á heimasíðu sambandsins árið 2018.
- Með FIG leyfi verði 8 árið 2020 og 12 árið 2024.
- Með UEG leyfi (Hóp fimleikar) verði 16 árið 2020 og 24 árið 2024.
- Með gullleyfi verði 64 árið 2020 og 75 árið 2024.
- Með silfurleyfi verði 128 árið 2020 og 150 árið 2024.
- Með bronsleyfi verði 256 árið 2024 og 300 árið 2024.
- Með koparleyfi verði 512 árið 2024 og 600 árið 2024.

3.3 Fjöldi keppenda:

- Í greinunum verði aðgengilegur á heimasíðu sambandsins árið 2018.
- Í áhaldafimleikum kvenna verði a.m.k. 1200 árið 2020 og 1320 árið 2024.
- Í áhaldafimleikum karla verði a.m.k. 400 árið 2020 og 440 árið 2024.
- Í hóp fimleikum kvenna verði a.m.k. 1600 árið 2020 og 1760 árið 2024.
- Í hóp fimleikum karla verði a.m.k. 530 árið 2020 og 580 árið 2024.

3.4 Fjöldi afreksmanna, afreksefna og í hæfileikamótun.

Áhaldafimleikar kvenna:

- 1. Hæfileikamótun: 25 - 30 einstaklingar haldið 3-4 sinnum á ári.

- 2. Afreksstig - úrvalshópur unglunga: 20-25 einstaklingar.
- 3. Afreksstig - úrvalshópur: 15-20 einstaklingar.

Áhaldafimleikar karla:

- 1. Hæfileikamótun: 15 - 20 einstaklingar haldið 2 - 3 sinnum á ári.
- 2. Afreksstig - úrvalshópur unglunga: 15 - 20 einstaklingar.
- 3. Afreksstig - úrvalshópur: 10 - 15 einstaklingar.

Hópfimleikar:

- 1. Hæfileikamótun: 120 einstaklingar haldið 2 - 3 sinnum á ári.
- 2. Afreksstig - úrvalshópur unglunga: 50 - 60 einstaklingar.
- 3. Afreksstig - úrvalshópur: 50 - 60 einstaklingar.

3.5 Fjöldi dómara

- Í greinunum verði aðgengilegur á heimasíðu sambandsins árið 2018
- Með FIG leyfi verði 16 á árunum 2020-2024.
- Með UEG leyfi hópfimleikar verði 8 á árunum 2020-2024.
- Með D réttindi verði 50 árið 2020 og 70 árið 2024.
- Með E réttindi verði 100 mörg árið 2020 og 200 árið 2024.

3.6 Fjárhagslegur stuðningur

Forsenda fyrir virkri stefnu og eftirfylgni hennar er fjármögnun. Í dag er það sambandið og afreksfólk sem stendur straum af henni.

Markmiðið er að umgjörðin verði sú að árið 2024 greiði afreksmenn ekki fyrir þátttöku í landsliðsverkefnum FSÍ.

Afrekssjóður FSÍ:

Afrekssjóður og úthlutun hans er í höndum stjórnar FSÍ.

Skv. 3 gr. um afrekssjóð FSÍ: Markmið sjóðsins er að styrkja þá sem valdir eru til keppni af FSÍ í landslið Íslands í fimleikum með niðurgreiðslu á þáttökukostnaði við keppnir. Lengri tíma markmið sjóðsins er að styrkja alla fimleikahreyfinguna í heild sinni eins og innistæður sjóðsins gefa tilefni til og stjórn FSÍ telur rétt hverju sinni. Aðeins skal veita styrki úr sjóðnum til afreksfólks innan FSÍ vegna verkefna á vegum sambandsins.

Afrekssjóður ÍSÍ:

Stendur að uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi með því að styðja íslenskt afreksíþróttafólk og sérsambönd við að ná sem bestum árangri í alþjóðlegri keppni. Forsenda styrkveitinga er að sérsambönd hafi markvissa og raunhæfa afreksstefnu. Stuðningurinn felst í fjárframlögum, aukinni menntun þjálfara og ýmiskonar tæknilegri aðstoð. Þannig verður Afrekssjóður ÍSÍ sérsamböndum til aðstoðar við að efla og bæta íþróttastarf sitt.

Samstarfsaðilar og sjálfsafla fé:

Fimleikasambandið leitast við að fjölga samstarfsaðilum frá því sem nú er næstu árin til þess að geta lágmarkað kostnaðarþátttöku í erlendum verkefnum.

Markmið er að hafa:

- 8 samstarfsaðila árið 2020.
- 12 samstarfsaðila árið 2024.

4. Mælingar á markmiðum

Til að ná markmiðum mun FSÍ vinna að því að fjölga afreksfólki í greinunum og styðja við þá sem þegar standast viðmið sambandsins. Mat á árangri og framförum iðkenda er órjúfanlegur þáttur í námi og þjálfun. Það miðar að því að afla vitneskju um árangur starfsins og á að veita iðkendum og foreldrum þeirra, þjálfurum, félögum og FSÍ upplýsingar um framvindu árangurs, sem skal hafa að leiðarljósi við skipulagningu starfsins.

Mat á starfi félaganna er tvíþætt, annars vegar er um að ræða mat sem félögin framkvæma sjálf og er hér kallað innra mat og hins vegar er um að ræða mat sem FSÍ vinnur og er nefnt ytra mat.

Innra mat:

Félögin bera ábyrgð á innra mati sínu. FSÍ útvegar leiðbeiningar um innra mat sem félög geta nýtt sér kjósa þau það. Stefnan er að mögulegt sé fyrir sambandsaðila að framkvæma innra mat í gegnum Þjónustugátt FSÍ.

Ytra mat:

FSÍ ber ábyrgð á ytra mati, það tengist leyfi félagana beint. Ytra mat er framkvæmt af sérfræðingum á vegum FSÍ. Sérfræðingur mótar matið og velur aðferðir og tæki í samvinnu við FSÍ, auk þess að vinna matið. Nálgunin getur verið markmiðabundin jafnt sem árangurstengd fyrir iðkendur og allt þar á milli.

5. Framkvæmdaraðilar og hlutverk

Að eiga afreksfólk er samvinna allra sem að hreyfingunni koma. Þetta er samvinnuverkefni iðkenda, þjálfara, félaga, foreldra, Fimleikasambands og héraðs- og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, með markmið heildarinnar að leiðarljósi. Til að vel megi vera þá skiptir gagnsæi, samvinna og skipulag í vinnubrögðum miklu máli, því þannig munu aðal áherslur skila sér til allra aðila. Fróðleikurinn sem þátttakendur geta miðlað til hvers annars er vaxtabroddurinn, þar liggur þekkingin, krafturinn og framtíðin.

5.1 Stjórn FSÍ

Ber ábyrgð á afreksstefnu og að henni sé framfylgt.

5.2 Framkvæmdastjóri og afreksstjóri

Eru tengiliðir stjórnar og annarra sem að stefnunni koma og vinna að framkvæmd hennar. Landsliðsþjálfarar heyra undir framkvæmdastjóra og vinna í teymi með afreksstjóra. Þeir sem að stefnunni koma hafa ekki heimild til þess að skuldbinda FSÍ fjárhagslega eða taka ákvarðanir sem hafa fjárhagslega þýðingu fyrir sambandið nema að fyrirfram fengnu samþykki frá fjármála- og framkvæmdastjóra þess.

5.3 Keppendur

Keppendur eru miðpunktur afreksstefnunnar. Mikilvægt er að þeir keppendur sem skipa úrvalshópa FSÍ á hverjum tíma séu meðvitaðir um markmið sambandsins, að til þeirra séu gerðar kröfur og bundnar við þá væntingar.

Fyrirmyndar fimleikafólk:

- stunda heilbrigt lífni og eru til fyrirmyndar innan sem utan salarins
- skapar jákvæða ímynd íþróttarinnar og sýnir íþróttamannslega hegðun á samfélagsmiðlum
- klæðist fötum merktum FSÍ á úrvalshópaæfingum og í landsliðsferðum
- fylgir fyrirmælum þjálfara
- er stundvíst
- talar ávallt vel um félagið, sambandið, íþróttina og hreyfinguna
- neytir ekki tóbaks, áfengis né annarra vímuefna á íþróttaviðburðum eða þar sem ungir iðkendur eru

5.4 Landsliðspjálfarar

Landsliðspjálfarar starfa hjá FSÍ í samvinnu við afreksstjóra. Framkvæmd afreksstefnunnar er á hendi landsliðspjálfara. Þær ákvarðanir sem landsliðspjálfarar taka skulu rúmast innan afreksstefnunnar og innan þeirra fjárhagsáætlana sem samþykktar eru í upphafi hvers tímabils. Landsliðspjálfarar taka þátt í fjárhagsáætlanagerð.

Landsliðspjálfarar skulu frá og með keppnistímabilinu 2018/2019 að lágmarki hafa gullleyfi leyfiskerfis FSÍ og aðstoðarpjálfarar að lágmarki silfurleyfi.

5.5 Félagspjálfarar

Samstarf félagspjálfara við landsliðspjálfara FSÍ er grunnþáttur að farsælu samstarfi þegar kemur að afreksfólki og frammistöðu þeirra. Þjálfarar gegna lykilhlutverki í þeirri upplifun sem iðkandi fær í félaginu. Samæfingar með landsliðspjálfara fara fram á ári hverju þar sem óskað er eftir viðveru félagspjálfara samkvæmt skipulagi landsliðspjálfara (tilkynnt að hausti). Landsliðspjálfari mætir á æfingar hjá þeim félögum sem hafa iðkendur sem uppfylla skilyrði sambandsins um afreksfólk og/eða afreksefni. Skipulag að heimsóknum vinnst með félagspjálfurum sem tryggja að aðstaða til æfingahalds sé fullnægjandi. Æfingar með landsliðspjálfurum aukast svo þegar nær dregur stórmóti og taka landsliðs- og félagspjálfari ákvörðun um hvort félagspjálfarar séu með á þeim æfingum.

Félagspjálfari í samvinnu við landsliðspjálfara vinnur að hausti, einstaklingsáætlun sem er til þess fallin að styðja við framþróun fimleikamannsins út frá getu, markmiðum og gildandi reglum. Gæði þjálfara og árangur félaga byggist fyrst og síðast á vel menntuðum og áhugasömum þjálfurum á öllum getustigum. Mikilvægt er að þjálfarar vinni saman að þjálfun iðkenda eftir því sem framast er kostur.

5.6 Félög

Fimleikafélög landsins mynda samstæða heild, fimleikahreyfinguna og tryggja skal samræmi og samhengi í iðkun frá leikskólahópum til afrekshópa. Lögð er áhersla á heilstæða

menntastefnu með skýrum skilum á milli getustiga. Leitast er við að mennta þjálfara þannig að iðkendur fái möguleika á að vaxa og dafna og færast eðlilega á milli stiga í samræmi við einstaklingsbundna getu og þroska. Markmið fyrir árið 2018/2019 er að allir þjálfarar hafi menntun við hæfi skv. leyfiskerfi FSÍ. Félög starfa innan afreksstefunnar í samstarfi við fimleikahreyfinguna og er mikilvægt að stefnan sé vel kynnt innan þeirra í samstarfi við þá sem að stefnunni koma.

5.6.1 Aðstaða

Grunnþörf fimleikaiðkunar er aðstaða. Áhöld verða að mæta stöðlum frá alþjóðafimleikasambandinu og öryggiskröfur á festingum og öryggisdýnum þurfa að vera til staðar. Rými þar sem áhöldum er raðað upp þarf að bjóða upp á að áhöld séu ekki of nálægt hverju öðru, lofthæð þarf að mæta stöðlum í byggingarreglugerð og gryfjur eru mikilvægar fyrir landsliðs aðstöðu.

Á Íslandi er góð aðstaða til fimleikaiðkunar, sveitafélögin hafa byggt mannvirki sem nýtast félögunum gríðarlega vel og erum til mikils sóma. Sambandið hefur hins vegar ekki í nein hús að vernda og er upp á félögin komin þegar kemur að afreksstarfinu. Landsliðin hafa fengið tíma hjá félögunum, á þeirra æfingatíma á meðan að þeirra félagsmenn eru á æfingu. Aðgengi sambandsins að aðstöðu fyrir landsliðsfólk er því mjög ábótavant og kemur niður á gæðum æfinga þegar að landsliðið æfir saman.

5.7 Forráðamenn

Árangur iðkenda byggist ekki síst á því að forráðamenn styðji við og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við félag, veiti félaginu viðeigandi upplýsingar og taki þátt í fimleikastarfi barna sinna. Upplýsingagjöf félaga til forráðamanna og samstarf þeirra á milli er mikilvæg forsenda fyrir árangursríkum fimleikaferli.

Afreksstefnan skal kynnt fyrir forráðamönnum þannig að þeir geti stutt við hana á jákvæðan hátt. Félögum ber að leggja áherslu á þátttöku forráðamanna í starfinu og efla tengsl þeirra við þjálfara og fimleikaiðkun barna sinna. Með virkri þátttöku forráðamanna fylgir aukin ávinningur sem gerist m.a. með góðu flæði upplýsinga og samráði við aðra forráðamenn. Mikilvægt er að félög stuðli að því að forráðamenn fái stuðning og fræðslu um greinina til að efla þekkingu þeirra á íþróttinni.

5.8 Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd FSÍ leitast við að efla félögin sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í starfinu og veiti starfsfólki og foreldrum iðkenda leiðbeiningar og viðeigandi aðstoð við störf sín. Snemmpætt mat (sérhæft mat) á stöðu iðkenda og ráðgjöf í kjölfarið er mikilvæg til að sem fyrst sé hægt að bregðast við vanda og skipuleggja þjálfun og stuðning með þeim sem að iðkandanum standa. Fagþjónustan á að mótast að heildarsýn á aðstæður og hagsmunum iðkenda óháð starfstéttum sérfræðinganna og hver veitir þjónustuna.

5.9 Fagteymi

Teymi fagfólks sem FSÍ kemur sér upp (í samvinnu við heilbrigðisnefnd FSÍ) til að sinna fræðsluverkefnum og miðla þekkingu til afreksfólks og þjálfara með námskeiðum, ásamt því

að vera til staðar þegar á þarf að halda að mati FSÍ. Fagteymið samanstendur af sálfræðingi, næringarfræðingi, læknum og sjúkráþjálfara en heilbrigðisnefnd getur bætt í fagteymið einstaklingum með aðra sérfræðipækkingu telji hún þörf á því. Markmið fagteymis er að geta myndað snemmpætt mat (sérhæft mat) á stöðu iðkenda og veita ráðgjöf í kjölfarið. Velferð iðkandans skal ávallt höfð að leiðarljósi. Í verkefnum á vegum ÍSÍ heyrir landslið Íslands í fimleikum undir fagteymi ÍSÍ.

5.10 Fræðsla

Skipulag fræðslumála er á höndum starfsmanna á fræðsluviði í samvinnu Fræðslunefnd sambandsins. Sambandið hefur á að skipa einu öflugasta fræðslukerfi innan íþróttamála á Íslandi þar sem grunnur hefur verið lagður að góðu kerfi sem er í sífelldri þróun. Markmiðið er að gera fræðsluna aðgengilega m.a. með notkun nýjustu tækni og með því að auka framboð styttri náskaiða og örnámskaiða.

Fræðsla þarf að vera í boði fyrir alla þá sem að fimleikum koma, stjórnar fólk, starfsfólk mannvirkja, þjálfara, foreldra og iðkendur.

5.11 Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ)

Stjórn Afreks- og Ólympíusviðs Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands er skipuð af framkvæmdastjórn ÍSÍ og fer með umboð framkvæmdastjórnar í þeim verkefnum sem henni er falið. ÍSÍ styður við afreksfólk með úthlutun úr afrekssjóði og stuðningi innan Ólympíu fjölskyldunnar. Afreks- og Ólympíusvið hefur yfirumsjón með öllu sem lýtur að afreksmálum ÍSÍ og/eða einstakra sérsambanda og fylgjast með framgangi þeirra. Þar að auki sjá þau um undirbúning alþjóðamóta sem ÍSÍ tekur þátt í og fara yfir tillögur er lúta að stefnumörkun og áherslubreytingum í íþróttamálum sem snerta afreksmál í víðasta skilningi og leggja mat á þær.

Fræðslukerfi ÍSÍ styður við fræðslukerfi FSÍ með grunnnámskaiðum. Þjálfunarmenntunarkerfi ÍSÍ og sérsambandana er sameiginlegt, þar sem ÍSÍ sér um kennslu í almennum hluta og sérsamböndin bera ábyrgð á kennslu sérgreinahluta sinnar íþróttar.

6. Framtíðarsýn og fjármögnun

Framtíðarsýn sambandsins er:

- Að með öflugri afreksstefnu og afreksstarfi náist einnig önnur jákvæð, almenn og víðtæk áhrif sem eru fimleikaíþróttinni ekki síður mikilvæg.
- Að stefna að því að áhugi landsmanna á fimleikaíþróttinni aukist, m.a. með aukinni fjölmiðlaumfjöllun. Það styður við útbreiðslustarf og auðveldar fjármögnun hreyfingarinnar, sem er grundvöllur öflugs afreksstarfs.
- Að fjárhagsleg geta FSÍ styrkist til muna sem ætti að gefa tækifæri til að styðja enn frekar við einstaklinga, félög og þjálfara.
- Að afreksfólk þurfi ekki að leggja fram fjármagn vegna þátttöku í afreksstarfi FSÍ og verður unnið að því takmarki í skrefum sbr. kafla 2 hér að framan.